



Lögreglustjórinn á Suðurlandi

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016



RÍKISENDURSKOÐUN

Október 2017

Efnisyfirlit

| | | |
|-------|--|----|
| 1 | Inngangur | 3 |
| 2 | Niðurstöður og ábendingar | 4 |
| 3 | Fjárheimildir og rekstur | 5 |
| 3.1 | Fjárheimildir | 5 |
| 3.2 | Rekstraráætlun..... | 5 |
| 4 | Innra eftirlit..... | 6 |
| 4.1 | Inngangur | 6 |
| 4.2 | Umfjöllun | 6 |
| 5 | Fylgni við lög og reglur..... | 7 |
| 5.1 | Inngangur | 7 |
| 5.2 | Ferðakostnaður | 7 |
| 5.3 | Opinber innkaup og innkaupakort | 7 |
| 5.4 | Láns- og reikningsviðskipti | 7 |
| 5.5 | Styrkir | 7 |
| 5.6 | Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur | 7 |
| 5.7 | Kaup og sala eigna ríkisins..... | 8 |
| 5.8 | Niðurstöður | 8 |
| 6 | Endurskoðun rekstrarliða | 9 |
| 6.1 | Tekjur | 9 |
| 6.2 | Laun og launatengd gjöld | 9 |
| 6.3 | Rekstrargjöld, önnur en laun | 9 |
| 6.4 | Niðurstöður | 10 |
| 7 | Endurskoðun efnahagsliða | 11 |
| 7.1 | Eignir | 11 |
| 7.1.1 | Skammtímakröfur | 11 |
| 7.1.2 | Ríkissjóður | 11 |
| 7.1.3 | Handbært fé og vörslufé | 11 |
| 7.2 | Eigið fé og skuldir | 12 |
| 7.2.1 | Höfuðstóll | 12 |
| 7.2.2 | Viðskiptaskuldir og vörslufé..... | 12 |
| 7.3 | Niðurstöður | 12 |
| 8 | Önnur atriði | 13 |
| 8.1 | Staðfestingarbréf stjórnenda | 13 |
| 8.2 | Lögfræðibréf | 13 |
| 8.3 | Óhæðisyfirlýsing..... | 13 |
| 8.4 | Umfang endurskoðunar, yfirlýsing..... | 13 |

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir árið 2016.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðeigandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á.

Litið er á endurskoðun ársreiknings embættis Lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir árið 2016 sem nýtt verkefni þar sem embættið er nýtt eftir sameiningar lögregluembætta þann 1.1.2015 og hefur ekki verið endurskoðað áður af Ríkisendurskoðun.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Lögreglustjórans á Suðurlandi fyrir árið 2016 var í meginatriðum án athugasemda og ekki verður annað séð en að stofnunin fylgi þeim lögum og reglugerðum, sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald. Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

1. Tekjur

Mikilvægt er að allir tekjuferlar séu skilgreindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að tekjur skili sér inn í bókhald stofnunarinnar.

2. Laun

Lagt er til að lögreglustjóri fari yfir og staðfesti launaforsendur hvers mánaðar.

3. Innkaup

Lagt er til að innkaupakortum verði fækkað og innkaup gerð miðlægari, auk þess er bent á að notkun rafræns samþykktarkerfis eykur virkni innra eftirlits.

3 Fjárheimildir og rekstur

3.1 Fjárheimildir

Framlag ríkissjóðs á fjárlögum ársins 2016 nam 804,4 m.kr. samanborið við 642,7 m.kr. á fyrra ári sem er hækkun um 161,7 m.kr. eða 25,2%.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu samtals 783,8 m.kr., þar af nam framlag frá ríkinu 804,4 m.kr. og varð því 20,6 m.kr. tekjuafgangur á árinu 2016 samanborið við 5,5 m.kr. tekjuafgang árið áður. Rekstrargjöld umfram sértekjur hækkuðu milli ára um 146,7 m.kr. eða 23,0%.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016:

| Í þús. kr. | Fjárlög 2016 | Fjárheimild 2016 | Rekstur 2016 | Frávik 2016 | Rekstur 2015 |
|---------------------|-----------------|---------------------|-----------------|----------------|-----------------|
| Tekjur | -9.300 | -9.300 | -6.755 | -2.545 | -7.112 |
| Launagjöld | 578.800 | 662.000 | 613.293 | 48.707 | 519.108 |
| Önnur rekstrargjöld | 135.800 | 151.000 | 164.008 | -13.008 | 122.209 |
| Eignakaup | 700 | 700 | 13.253 | -12.553 | 2.926 |
| Tilfærslur | 0 | 0 | 30 | -30 | 30 |
| Samtals | 706.000 | 804.400 | 783.829 | 20.571 | 637.161 |

3.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins.

Lögreglustjórinn á Suðurlandi og yfirlögreglustjóri vinna saman að gerð rekstraráætlunar. Öll frávik frá áætlun fyrra árs eru skoðuð og tekið er tillit til þeirra við gerð næstu rekstraráætlunar svo áætlanir sýni sem gleggsta mynd af rekstri embættisins. Stjórnendur embættisins fara reglulega yfir rekstraráætlun og eru frávik, ef einhver eru, greind.

4 Innra eftirlit

4.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur.

4.2 Umfjöllun

Áhættumatið tekur mið af því hvernig innra eftirliti er háttað hjá embættinu og hvaða verklagsreglum er beitt þar til að stuðla að öryggi í meðferð og umsjón fjármuna og annarra eigna auk bókhalds- og upplýsingakerfa. Könnun á ábyrgðarsviði starfsmanna í stofnuninni og aðgangsheimildum þeirra að tölvukerfum hennar gefur til kynna að aðgreining starfa virðist vera með fullnægjandi hætti hjá embættinu.

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að til eru skriflegir ýmsir verkferlar sem stuðla að virku innra eftirliti varðandi bókhald, fjármál og tölvumál hjá embættinu. Þá liggja fyrir skriflegar starfslýsingar þar sem kveðið er á um verkefni og ábyrgðarsvið fyrir starfsmenn. Formlegir verkferlar liggja þó fyrir hjá embættinu.

5 Fylgni við lög og reglur

5.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 3.

Undir þessum lið er skoðað hvort rekstur embættisins hafi verið í samræmi við lög og reglugerðir sem um hann gilda varðandi fjárreiður og bókhald. Eftirtaldir liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016:

5.2 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt og það á einnig við um uppgjör slíkra ferða.

5.3 Opinber innkaup og innkaupakort

Stuðst er við ákveðnar verklagsreglur við innkaup stofnunarinnar. Mörg innkaupakort eru í notkun hjá embættinu, samtals 27 kort. Allir varðstjórar, yfirlögregluþjónar, bókari og lögreglustjóri eru með innkaupakort. Úttektarheimildir hvers og eins eru skráðar. Kortin eru notuð í ýmis innkaup fyrir embættið, þau eru einnig notuð á þeim stöðum sem embættið er í reikningsviðskiptum. Lagt er til að kortum verði fækkað og stofnað til reikningsviðskipta þar sem viðskipti eru mikil.

Ganga þarf frá innkaupastefnu og verklagsreglum varðandi innkaup hjá embættinu og skjalfesta þær með viðunandi hætti.

5.4 Láns- og reikningsviðskipti

Embættið hafði þrettán lögreglubifreiðar á leigu á árinu 2016 auk þriggja yfir sumarmánuðina. Allur kostnaður vegna þeirra viðskipta er ákvarðaður af Ríkislögreglustjóra.

5.5 Styrkir

Embættið veitti ekki styrki á árinu 2016.

5.6 Virðisaukaskattur – meðferð í Orra og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Endurgreiddur virðisaukaskattur til stofnana er millifærður reglulega á Ríkissjóð, um er að ræða millifærslur og því er ekki sótt um endurgreiðslu vegna þessa hjá ríkisskattstjóra.

5.7 Kaup og sala eigna ríkisins

Samkvæmt bókhaldi embættisins var engin sala eigna hjá stofnuninni árið 2016.

5.8 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að embættið fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald.

Lagt til að innkaupakortum verði fækkað og innkaup gerð miðlægari, auk þess er bent á að notkun rafræns samþykktarkerfis eykur virkni innra eftirlits og tryggir að tveir aðilar komi ávallt að samþykkt reikninga, þ.e. sá sem kaupir inn til að staðfesta að reikningur sé réttur og síðan hans yfirmaður sem samþykkir greiðslu.

6 Endurskoðun rekstrarliða

6.1 Tekjur

Tekjur embættisins á árinu 2016 eru einkum gjöld vegna löggæslukostnaðar, endurgreiddur ferðakostnaður og endurgreidd námskeiðsgjöld. Auk þess fékk embættið tekjur af uppsetningu skiltis í Reynisfjöru. Aðrar tekjur eru ljósrit fyrir viðskiptavinum sem eru staðgreidd við afhendingu.

Kannaðir voru verkferlar vegna tekna, greining gerð á heildartekjum og skoðuð sundurliðuð breyting milli ára.

Ekki eru til skriflegar verklagsreglur varðandi útgáfu tekjureikninga en fjársýslan sér um gerð þeirra. Bókari skráir drög eftir vinnunótum frá varðstjórum inn í form Fjársýslu ríkisins. Fjársýsla gerir síðan reikninga og sendir til viðskiptavinar. Mikilvægt er að tekjuferlar séu skilgreindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að allar tekjur skili sér á réttan stað inn í bókhald stofnunarinnar. Bent var á að hægt væri að stemma saman reglulega dagbók lögreglunnar á Suðurlandi og tollsins á Höfn við tekjuskráningu Fjársýslu.

6.2 Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2016 námu laun og launatengd gjöld um 610,0 m.kr. eða 77,2% af rekstrarkostnaði embættisins. Þessi liður hækkaði frá fyrra ári um 92,0 m.kr. eða 17,8%. Ársverk voru 52,2 á árinu 2016.

Við launaendurskoðun var athugað hvort samningar, starfslýsingar, undirskriftir, skráning í launaflokka, gögn vegna launabreytinga og dagsetningar á gögnum samræmdust viðeigandi lögum, reglum og verklagsreglum. Í öllum tilfellum var farið í frumgögn og skoðað hvort öll formskilyrði væru uppfyllt. Endurskoðun beindist að skjalfestingu á ráðningarsamningum og launabreytingum. Úrtakið var fimm starfsmenn eða 9,6% starfsmanna.

Yfirlögregluþjónn gerir ráðningarsamninga og heldur skipulega utan um upplýsingar er varða einstaka starfsmenn. Launaframkvæmdin er í höndum yfirlögregluþjóns og bókara. Vinnustund er notað hjá embættinu. Varðstjórar á hverjum stað fara reglulega yfir vaktargögn sem yfirlögreglustjóri fer einnig yfir og sendir til Fjársýslu. Bókari sér um að senda gögn fyrir aðra en lögreglumenn til Fjársýslu. Launavinnslan fer fram hjá Fjársýslu. Enginn fer yfir launalista fyrir útgreiðslu launa. Lagt var til að því verklagi yrði komið á og að yfirferðin yrði staðfest.

6.3 Rekstrargjöld, önnur en laun

Við endurskoðun rekstrarkostnaðar var farið yfir verkferla sem eiga að tryggja að eingöngu reikningar sem tilheyra embættinu séu færðir til gjalda. Við endurskoðunina voru rekstrargjöld borin saman við rekstraráætlun og helstu frávik greind. Samhliða greiningu rekstrarkostnaðar voru fylgiskjöl skoðuð með tilliti til formkrafna, efnis- og magnlýsinga, útreikninga og lotunar.

Þá var kannað hvort reikningar væru efnislega réttir, tilheyrðu stofnuninni og væru viðeigandi. Bókun helstu kostnaðarreikninga var einnig könnuð með tilliti til tegundar kostnaðar.

6.4 Niðurstöður

Mikilvægt er að tekjuferlar séu skilgreindir og viðeigandi ráðstafanir gerðar til að tryggja að allar tekjur skili sér á réttan stað inn í bókhald stofnunarinnar. Til að tryggja að allar tekjur skili sér var bent á að hægt væri að stemma saman reglubundið dagbók, bæði lögreglunnar á Suðurlandi og tollsins á Höfn við tekjuskráningu.

Lagt er til að lögreglustjóri fari yfir og staðfesti launaforsendur hvers mánaðar.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2016 námu eignir 38,5 m.kr., skuldir námu 25,1 m.kr. og höfuðstóll nam 13,4 m.kr.

| Í þús.kr. | 2016 | 2015 | Breyting |
|--------------------------|------------|-------------|------------|
| Eignir: | | | |
| Ríkissjóður | 24.766.474 | 0 | 24.766.474 |
| Skammtímakröfur | 12.664.862 | 6.538.330 | 6.126.532 |
| Handbært fé | 1.074.542 | 95.115 | 979.427 |
| Eignir alls | 38.505.878 | 6.633.445 | 31.872.433 |
| Eigið fé og skuldir: | | | |
| Höfuðstóll | 13.414.966 | -13.956.164 | 27.371.130 |
| Ríkissjóður | 0 | 8.676.476 | -8.676.476 |
| Skammtímaskuldir | 25.090.912 | 11.913.133 | 13.177.779 |
| Eigið fé og skuldir alls | 38.505.878 | 6.633.445 | 31.872.433 |

Efnahagsliðir voru yfirfarnir með tilliti til stöðu einstakra liða. Yfirlit og afstemmingar voru yfirfarnar og leitað skýringa þar sem þess þótti þörf. Viðhlítandi skýringar og svör fengust við þeim atriðum sem leitað var eftir.

7.1 Eignir

7.1.1 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur embættisins námu 12,7 m.kr. í árslok 2016 og höfðu hækkað um 6,1 m.kr. frá fyrra ári. Meðal skammtímakrafna er 12,0 m.kr. vörslufé, sjá nánar í kaflanum hér á eftir, handbært fé og vörslufé. Við endurskoðun ársins 2016 var líka skoðuð staða viðskiptakrafna í ágúst 2017 og höfðu flestar kröfur verið greiddar utan tveggja sem embættinu var bent á. Það er álit okkar að skilvirkni innheimtu viðskiptakrafna sé vel viðunandi og var yfirferð þeirra án athugasemda.

7.1.2 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2016 var 24,8 m.kr. krafa á ríkissjóð færð í efnahagsreikning embættisins.

7.1.3 Handbært fé og vörslufé

Embættið er með þrjá bankareikninga, einn fyrir embættið og tvo bankareikninga vegna vörslufjár. Allar innstæður í árslok voru kannaðar og bornar saman við bókhald. Bankainnstæður skiptast í vörslusjóð að upphæð 12,0 m.kr. og handbært fé 1,1 m.kr. Yfirferð var án athugasemda.

Viðskiptareikningar vegna vörslufjár eru annars vegar reikningur vegna Kötlu en engin færsla var á honum á árinu og hins vegar Almanna- og Almannavarnareikningur. Lögreglustjórinn á Suðurlandi er formaður almanna- og Almannavarna. Vörslufjárreikningurinn á sér mótbókun meðal skammtímaskulda og var samræmi milli viðskiptareikninganna. Yfirferðin er án athugasemda.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Í lok ársins 2016 sýndi höfuðstóll embættisins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 13,4 m.kr. Staða höfuðstóls batnaði um 27,4 m.kr. á milli árunna 2015 og 2016, annars vegar vegna aukinna framlaga frá ríkinu vegna breytinga á lokafjárlögum um 6,8 m.kr., hins vegar vegna tekjuafgangs ársins 20,6 m.kr. Í upphafi árs var höfuðstóll embættisins neikvæður um 14,0 m.kr.

7.2.2 Viðskiptaskuldir og vörslufé

Skammtímaskuldir embættisins námu 25,1 m.kr. í árslok 2016. Þar af námu lánardrottinnar 13,1 m.kr. og vörslufé 12,0 sem á sér mótbókun meðal skammtímakrafna. Skuldir við lánardrottina voru allar greiddar í upphafi árs 2017. Engar athugasemdir voru gerðar við yfirferð skammtímaskulda.

7.3 Niðurstöður

Gott eftirlit er með skammtímakröfum og skammtímaskuldum.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af lögreglustjóra.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi, þar sem ekki kom fram lögfræðikostnaður í bókhaldi stofnunarinnar árið 2016 og samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi, dags. 31. júlí 2017.

8.4 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Lögreglustjóranum á Suðurlandi var undirrituð af ríkisendurskoðanda og lögreglustjóranum á Suðurlandi.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningskil Lögreglustjórans á Suðurlandi.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100
postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is